

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 27. september 2022

Efni: Umsögn um áform um breytingar á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) vísa til máls nr. 163/2022, í samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar áforum um breytingar á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 136/2013. Því er lýst að í núverandi lögum um orkuveituna sé fjallað um heimildir OR til að eiga dótturfélög og eiga hlut í félögum og hvaða skilyrði slík starfsemi þarf að uppfylla. SI hafa kynnt sér áformin og óska eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Fram kemur í áformunum að til standi að umorða 2. mgr. 2. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur þannig að ekki leiki vafi á um heimild OR til að eiga hlut í Carbfix hf. Einnig kemur fram að það eigi með breytingunni að taka af allan vafa á því hvort Orkuveitu Reykjavíkur sé heimilt að eiga hlut í hlutafélagi sem starfar á samkeppnismarkaði.

SI telja rétt að benda á að hið opinbera hefur lengi verið beinn þátttakandi í íslensku atvinnulífi og spannar samkeppnisrekstur þess nokkuð breitt svið. Að mati samtakanna þurfa ríki og sveitarfélög að marka sér skýr viðmið um það hvernig fyrirtæki í þeirra eigu starfa á markaði. Í því felst meðal annars að meta reglulega og með heildstæðum hætti þörf fyrir samkeppnisrekstur opinberra aðila og hvort að slík starfsemi sé samfélaginu til hagsbóta eða sé til þess fallin að raska samkeppnisgrundvelli á umræddu sviði. Oft er við það miðað að ríkið starfi á mörkuðum þar sem markaðsbrestur ríkir og tryggja þarf að tiltekin þjónusta eða vara sé tiltæk. Þessi viðmið eru þó ekki einhlít og ljóst að opinberir aðilar starfa á markaði þar sem samkeppni er virk, s.s. við framleiðslu á malbiki og viðhaldi á götulýsingu.

Telja SI mikilvægt að áformuð breyting endurspegli þessi sjónarmið og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að þróa megi starfsemi CarbFix áfram í þágu þeirra gjöfugu markmiði sem liggur til grundvallar starfsemi þess félags. Í því samhengi vilja samtökin áréttta að CarbFix verkefnið þykir einstakt á heimsvísu. Það að marka þurfi því félagi betri umgjörð þýði hinsvegar ekki að réttmætt sé að draga úr eðlilegu aðhaldi með mögulegum samkeppnisrekstri OR eða annarra opinberra aðila á öðrum sviðum.

Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI